

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um skattlagningu kolvetnisvinnslu (208. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að sérlög skuli gilda um skattskyldu og skattlagningu kolvetnisvinnslu*

Viðskiptaráð gerir talsverðar athugasemdir við að eingöngu 5 daga til að kynna sér frumvarp þetta, en frumvarpið hefur að geyma lagareglur sem ekki hafa verið settar áður hér á landi og að auki varðar það umtalsverða hagsmuni. Í slíkum tilfellum er afar mikilvægt að löggjafinn flýti sér hægt og kalli eftir umsögnum og álitum sem flestra og veiti þeim talsvert svigrúm til að kynna sér efni frumvarpsins og sambærilegar lagareglur í öðrum löndum.

Viðskiptaráð gerir nokkrar athugasemdir við frumvarpið sem litast allar af því hversu stuttur frestur var veittur.

Í fyrsta lagi er afar mikilvægt að viðmiðunarverð á kolvetni sé rétt ákvarðað af þeirri nefnd sem fjármálaráðherra á að skipa skv. 6. gr. frumvarpsins, sérstaklega í ljósi þess að viðmiðunarverðið liggur til grundvallar á útreikningi skattstofns. Að mati Viðskiptaráðs væri því rétt að fella það inn í 6. gr. frumvarpsins að nefndin leitaði, einu sinni í mánuði áður en nefndin kemur saman, eftir álitum þeirra aðila sem starfa við kolvetnisvinnslu í skilningi 1. gr. frumvarpsins á því hvað þeir teldu rétt viðmiðunarverð. Er þetta einkar æskilegt í ljósi þess að ákvarðanir nefndarinnar sæta ekki stjórnslukæru.

*Viðskiptaráð leggur til að bætt verði nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að viðmiðunarnefndin skuli óska eftir álitum þeirra sem starfa við kolvetnisvinnslu hér á landi hvað viðmiðunarverð næsta mánaðar skuli vera.*

Í öðru lagi telur Viðskiptaráð að varast ætti allar sérreglur hvað skil á opinberum gjöldum varðar. Ætti því í 8. gr. frumvarpsins að miða alfarið við lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hvað 2. mgr. þessa ákvæðis varðar er það mat Viðskiptaráðs að breyta þurfi orðalagi þess en þar segir að Orkustofnun þurfi að staðfesta áætlun um áformaða heildarvinnslu. Hér nægir að kveða á um skyldu aðila sem stunda kolvetnisvinnslu að skila sannanlega inn áætlunum um áformaða heildarvinnslu. Þar sem Orkustofnun hefur engar heimildir til að hafa áhrif á áætlun þessara aðila er óþarft að krefjast staðfestingar hennar.

Þar sem áætlun um heildarvinnslu liggur til grundvallar mánaðarlegri staðgreiðslu er mikilvægt að fella inn í 8. gr. undaþágúakvæði ef ske kynni að forsendur hennar skyldu bresta og raunveruleg vinnsla engan veginn halda

í við áætlunina. Án slíkrar undanþágu gæti tiltekinn aðili verið að greiða staðgreiðslu án þess að baki henni lægju tekjur og ef vinnslan bregst snemma á árinu gæti verið um umtalsverðar fjárhæðir að ræða.

*Viðskiptaráð leggur til að orðalagi 2. mgr. 8. gr. verði breytt þannig að aðilar þurfi sannanlega að senda Orkustofnun áætlun um áformaða heildarvinnslu. Jafnframt er lagt til að bætt verði við málgrein sem felur í sér undanþágu frá því að staðgreiðsla sé greidd af slíkri áætlun ef forsendur hennar bresta algjörlega.*

Viðskiptaráð telur ástæðu til að gera athugasemd við 11. gr. frumvarpsins sem felur í sér eins konar milliverðlagsákvæði. Er ákvæðinu ætlað að tryggja sem best innlenda skattlagningu á raunhagnað þessara aðila, m.ö.o. að koma í veg fyrir að aðilar færi hagnað yfir til landa þar sem skattlagning er hagstæðari. Afskaplega vafasamt er að leggja í vegferð af þessu tagi. Í fyrsta lagi er vinna hafin í fjármálaráðuneytinu að setningu milliverðlagsreglna, umfram núgildandi armslengdarákvæði tekjuskattslaga. Til að gæta samræmis ætti að miða alfarið við ákvæði þess. Í öðru lagi er mun ódýrara að útbúa skattumhverfið þannig að fyrirtækin hafi lítinn sem engan hvata af því að færa hagnað sinn í aðrar lögsögur í stað þess að vera að reisa girðingar. Í þriðja lagi geta flóknar og kostnaðarsamar reglur verið beinlínis fráhrindandi með þeim afleiðingum að fyrirtæki sjái sér ekki hag í því að vinna hér kolvetni, þar með missum við af skattgreiðslum þeirra og starfsmanna þeirra og látum renna okkur úr greipum mikilvægt tækifæri til að byggja hér upp öflugan þekkingariðnað og hugvit á þessu sviði.

*Viðskiptaráð leggur til að skattlagning kolvetnis hér á landi verði háttað þannig að fyrirtækin hafi enga ástæðu til að flytja hagnað henni tengdri í aðrar lögsögur.*

Í 19. gr. frumvarpsins er að finna skorður við úthlutun arðs með þeim hætti að hlutfall eigin fjár verður að vera hærra en 15% af skattalegu bókfærðu verði heildareigna til að arðsúthlutun sé möguleg. Ekki er að finna rökstuðning fyrir þessari reglu í greinargerð frumvarpsins og því er mikilvægi þess algerlega á reiki. Vegna þessa getur Viðskiptaráð ekki fallist á réttmæti þess.

*Viðskiptaráð leggur til að 19. gr. frumvarpsins verði felld brott.*

Á föstudaginn síðasta var frumvarp til laga um breytingu á tollalögum (þingmál 193) samþykkt þar sem landið var gert að einu tollumdæmi og heiti Tollstjórans í Reykjavík breytt. Vegna þessa þarf að gera breytingar á 21. gr. frumvarpsins.

Að lokum vill Viðskiptaráð ítreka mikilvægi þess að öll skatthlutföll og allar fjárhæðir gjalda og útreikningur þeirra séu að fullu sambærileg því sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur við og helst gott betur.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs